



# SKYLDINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland



Reykjavík, 8. júlí 2008

## Evrópumeistaramótið í skyldingum 2009 – yfir 400 keppendur frá 40 löndum!

Bulgarian  
Fencing  
Federation



Българска  
Федерация  
по Фехтовка

Evrópumeistaramótið í skyldingum verður haldið í Plovdiv í Búlgaríu 13. – 19. júlí næstkomandi. Þátttakendur eru yfir 400 og koma frá 40 löndum. Guðrún Jóhannsdóttir, Gunnhildur Garðarsdóttir og Þorbjörg Ágústsdóttir landsliðskonur í skyldingum taka þátt í mótinu og skyldmast með höggsverði.



*Gunnhildur Garðarsdóttir*



*Guðrún Jóhannsdóttir*



*Þorbjörg Ágústsdóttir*

Þær keppa 16. júlí í einstaklingskeppni og 19. júlí í liðakeppni.

Laugardaginn 12. júlí verður þing Evrópska skyldingasambandsins (EFC) haldið í Plovdiv. Á þinginu fara fram kosningar þar sem kosinn er forseti sambandsins og 9 fulltrúar í stjórn.

Nikolay Mateev framkvæmdastjóri Skyldingasambands Íslands er í framboði til stjórnar Evrópska skyldingasambandsins. Auk Nikolays bjóða 18 manns sig fram til stjórnarsetu.

Nikolay Mateev situr í fræðslu- og útbreiðslunefnd Alþjóðalega skyldingasambandsins (FIE) og situr hann einnig í fræðslu- og þjálfunarnefnd Evrópska skyldingaambandsins (EFC). Nikolay er líka í stjórn Skyldingasambands Norðurlanda.

Fararstjóri er Guðjón Ingi Gestsson formaður Skyldingasambands Íslands  
Heimasíða keppinnar er : <http://www.bulfencing.com/>

Nánari upplýsingar veita:

Guðjón Ingi Gestsson           gsm: 820 3131

Nikolay Mateev                 gsm: 898 0533

Fyrir hönd Skyldingasambands Íslands,  
Nikolay Ivanov Mateev  
Framkvæmdastjóri

SKYLDINGAFJÖLSKYLDAN

